



Mikið er um að vera á Reykjavík Edition Marriott-hótelinu í Reykjavík. Eins og sjá má stendur lokafrágangur á herbergjum nú yfir. Hótelinu verður fyrsta fimm stjörnu hótél borgarinnar. Fjármögnun byggingar hótelsins lauk árið 2016 og til stóð að opna það árið 2018. Því hefur hins vegar ítrekað verið frestað og hefur endanlegur opnunardagur enn ekki verið kynntur. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Þörungar valda auknum laxadauða

Óvenjumikil afföll á laxi í sjókvíum á þessu ári og í júní sérstaklega á sér margþættar skýringar, segir dýralæknir hjá Matvælastofnun. Hann bendir á að þörungablómi hafi valdið nokkrum laxadauða í vor.

gar@frettabladid.is

FISKELDI Afföll á laxi sem ræktadur er í sjókvíum á þessu ári og í júní sérstaklega á sér margþættar skýringar, segir dýralæknir hjá Matvælastofnun (MAST) til og lesa má af sérstöku mælaborði á vefsíðu stofnunarinnar.

Hægt er að reikna út frá upplýsingum í mælaborði MAST að

1.350.000 eldislaxar hafa drepist í sjókvíum á fyrri helmingi ársins. Sérstaka athygli vekur að af þeim drápust 400 þúsund laxar í kvíunum í júnímánuði einum saman. Voru það 2,52 prósent af laxi í kvíum fyrirtækjanna í júní. Sem hlutfall af laxi í kvíunum drápust þrefalt fleiri laxar í júní á þessu ári en í fyrra.

„Það er engin ein skýring á þessu heldur er þetta sitt lítið af hverju,“ segir Gísli Jónsson, dýralæknir fisksjúkdóma hjá MAST, um orsakir laxadauðans. Hann nefnir þó sérstaklega afföll í seiðaflutningum og óvenju mikinn kísilþörungablóma bæði á Austfjörðum og Vestfjörðum í lok maí og byrjun júní.

„Aðalatriðið er að það séu engir smitsjúkdómar á ferðinni og það



400 þúsund laxar drápust í sjókvíum í júnímánuði einum saman.

hefur ekkert slíkt komið upp en við tökum eftir því að þegar þörungarnir byrjuðu að láta á sér kræla þá urðu aukin afföll í kvíunum, þörungarnir fara svolítið illa í tálknin,“ segir Gísli.

Laxeldi hefur vaxið afar hratt hér undanfarin ár. Framleiðslan á árinu 2020 var um það bil tífalt meiri en aðeins fimm árum áður, eða 34.341 tonn á móti 3.260 árið 2015. Gísli

segir viðbúið að afföllin aukist með aukinni framleiðslu.

Afföll í sjókvíunum eru yfirleitt mun meiri á fyrstu þremur mánuðum ársins sem eru þeir köldustu heldur en að sumarlagi. Í janúar í ár voru afföllin 0,7 prósent, 2,06 prósent í febrúar og 1,3 prósent í mars.

Jón Kaldal, talsmaður Íslenska náttúruverndarsjóðsins, fjallar um laxeldi í sjókvíum í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag og segir að frá janúar til júní hafi rúmlega 1,3 milljónir eldislaxa drepist.

„Þessi skelfilegi dauði er þó ekki allt og sumt sem plagar þennan iðnað því um helmingur eldislaxanna í sjókvíunum er ýmist vanskapaður, nær ekki fullum þroska vegna streitu eða er heyrnarlaus,“ skrifar Jón. **SJÁ SÍÐU 10**

Listhúsin verði opnuð upp á gátt

ser@frettabladid.is

COVID-19 „Við viljum að leikhúsin verði opnuð upp á gátt og það er okkar tilfinning að allur almenníngur vilji það líka,“ segir Magnús Geir Þórðarson þjóðleikhússtjóri. Hann vill að nándartakmarkanir verði afnumdar. Forstjóri Hörpu tekur í sama streng. **SJÁ SÍÐU 6**



Magnús Geir Þórðarson þjóðleikhússtjóri.

Mmm ... Hvernig hljómar djambborgari á grillinu?

ÞVEIKJUM Á SUMRINU



Pótt ekkert flóð sé á næsta leiti hafa borgarbúar mátt vatnsverja sig.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hvorki útlit fyrir kínverskt né þýskt flóð hér á landi

thorgrimur@frettabladid.is

VEÐUR Úrhellisrigning hefur skolið á Reykjavík nokkrum sinnum á síðustu vikum. Veður af þessu tagi kann að vekja ugg í ljósi nýlegra atburða í Þýskalandi og Kína þar sem mikið tjón og mannfali varð í hamfarafloðum í kjölfar úrhellisrigninga. Að sögn veðurfræðings hjá Veðurstofu Íslands er rigningin sem fallið hefur hér á landi þó ekki óeðlileg og ekki miklar líkur á að hún valdi flóðum á borð við það sem hefur sést erlendis. „Eins og staðan er núna myndi ég ekki segja að þetta sé óeðlilegt,“ kemur fram í svari frá Veðurstofunni. „Það kemur endrum og eins upp staða þar sem getur verið einhver flóðahætta, en það er þannig séð alveg venjulegt. Það stóðar lítið að segja mikið um það núna hvort einhver flóðahætta geti skapast í framtíðinni.“ ■

Hinsegin diskó



Kramhúsið og Sumarborgin slógu upp Drag/vogue-tíma á Hafnartorgi í gær í tilefni Hinsegin daga. Margrét Erla Maack kenndi gestum diskó- og vogue-bræðing við hinsegin tónlist. Var þar á meðal dansað við lagið Nails Hair Hips Heels eftir Todrick Hall og önnur lög með „fullorðins“-orðaforða. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Enn lekur úr El Grillo en tillögur um úrbætur liggja hjá umhverfisráðherra

kristinnhaukur@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Enn lekur olía úr flaki oliubirgðaflutningaskipsins El Grillo sem liggur á botni Seyðisfjarðar. Kajakleiðsögumaðurinn Hlynur Vestmar Oddsson náði myndum af brákinni á þriðjudag og dauðum æðarungum í fjörunni. „Ungarnir synda á land, krókna og drepast,“ segir Hlynur og er ekki vongóður um að ástandið lagist. „Skipið er tifandi tímasprengja.“

El Grillo laskaðist mikið í sprengjuárás þjóðverja árið 1944 og ákváðu Bretar að sökkva skipinu fullu af olíu og sprengjum. Í gegnum áratugina hefur hluti af olíunni og sprengjunum verið fluttur úr flakinu. Þó er umtalsvert magn þar enn.

Eftir leka í fyrra fóru kafarar Landhelgisgæslunnar að flakinu



Hlynur fann brák og dauða unga á þriðjudag. MYND/HLYNUR V. ODDSSON

og steypu yfir gat á tanki en lekið hefur margsinnis úr skipinu.

Hvorki Umhverfisstofnun né Seyðisfjarðarhöfn höfðu fengið tilkynningu um lekann þegar Fréttablaðið hafði samband. „Í fyrra var fundað og gerðar tillögur um að ná olíunni upp,“ segir Lilja Ólafsdóttir, hjá Umhverfisstofnun. „Þær tillögur liggja nú hjá ráðuneytinu.“ ■

Tíkin Panda vann í Cannes

Smalahundurinn Panda kom að gerð þriggja kvikmynda áður en hún dó á þessu ári. Fyrir frammistöðu sína í myndinni Lamb (Dýrið) hlaut hún sérstök verðlaun á kvikmyndahátíð í Cannes. Ræktandinn segir gaman að fá verðlaunin til minningar um hana.

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMFÉLAG Tíkin Panda skrifaði sig inn í kvikmyndasögu Íslands þegar hún hlaut sérstök verðlaun, Grand Jury Prize, á Palm Dog kvikmyndahátíðinni í Cannes fyrir skemmstu. Panda, sem dó í mars síðastliðnum, fékk verðlaunin fyrir frammistöðu sína í myndinni Lamb (Dýrið) en það var ekki eina kvikmyndin sem hún kom nálægt á sinni ævi.

„Það er gaman að fá þessi verðlaun til minningar um hana,“ segir Elísabet Gunnarsdóttir, eigandi Pöndu. „Við erum mjög spennt að sjá myndina.“

Elísabet og Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson, maður hennar, reka vinnuhundaræktun á Ketilstöðum á Tjörnesi, smalahundar.is. Panda var líkt og aðrir hundar þeirra af bresku tegundinni Border Collie.

Faðir Elísabetar, Gunnar Einarsson á Daðastöðum, var frumkvöðull með Border Collie vinnuhunda og fékk hún sína fyrstu tók frá honum, Skottu sem Panda kom undan. „Panda var fyrsta ræktunin mín,“ segir Elísabet. „Hún hafði einstakt geðslag. Var bæði ákveðin en einnig blíð og góð. Það var hægt að kenna henni allt og ekkert gat sett hana úr jafnvægi.“

Það er einmitt lykilkvæði í því að Panda var valin til þess að leika í bíómyndum. Hún gat haldið fókus innan um alls kyns reykveðlar, vindveðlar, stórar tókuvélar og mikið margmenni.

Fyrsta myndin sem Panda lék í var Hrútar, eftir Grím Hákonarson, tekin upp í Bárðardalnum árið 2014.



Tíkin Panda í tókum á Suðurlandi.

MYND/SMALAHUNDAR.IS



Það er mikil áskorun að stýra hundi í kvikmyndatöku, bæði fyrir hundinn sjálfan og þann sem stýrir.



Elísabet Gunnarsdóttir hundaræktandi.

Elísabet var spurð hvort hún ætti hund sem gæti bæði smalað og leyst ákveðin verkefni en Elísabet hafði þá nýlökð hundapjálfranámi með Pöndu sem sitt helsta tilraunadýr.

Næsta verkefni var stórmyndin Eurovision Song Contest: The Story of Fire Saga, sem var að hluta til tekin upp á Húsavík árið 2019. Elísabet segir að Panda hafi þá reyndar verið fyrir utan ramma. Hennar hlutverk var að halda fénu á réttum stað fyrir myndatökuna.

„Það er mikil áskorun að stýra hundi í kvikmyndatöku, bæði fyrir hundinn sjálfan og þann sem stýrir,“ segir Elísabet. „Þetta verður að ganga vel því að hver taka er dýr og tíminn sömuleiðis.“

Lokaverkefni Pöndu á hvíta tjaldinu var myndin Lamb (Dýrið), eftir Valdimar Jóhannsson, tekin upp í Hörgársveit. Myndin verður frumsýnd hér á landi í haust en var heimsfrumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes í sumar.

Á Cannes hlaut Panda áður nefnd verðlaun, sem eiga sér tuttugu ára sögu á hátíðinni. Hundar úr ýmsum þekktum bíómyndum hafa síðan þá hlotið verðlaun á hátíðinni, þar á meðal Lars von Trier-myndunum Dogville og Antichrist og Quentin Tarantino-myndunum Inglourious Basterds og Once Upon a Time in Hollywood.

Elísabet jánkur því að vera montin af verðlaununum. „Heldur betur. Þetta var agalega gaman,“ segir hún. Aðspurð um hugsanlegan arftaka Pöndu í bíómyndageiranum segist Elísabet vera farin að huga að því. „Ég er með marga hunda sem eru flinkir fjárhundar en ég er að hugsa um að koma mér upp öðrum hundi eins og Pöndu sem getur gert allt milli himins og jarðar,“ segir hún. ■

Sjónmælingar eru okkar fag



Tímamantanir á opticalstudio.is og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

ÚTSALAN ER HAFIN

20-70%

AFSLÁTTUR



KOMDU OG GERÐU GÓÐKAUP STRAX Í DAG

Rúmföt
-20-30%

Heilsurúm
-20-40%

Sófar
-20-50%

Hægindastólar
-20%

Gjafavara
-20%

Húsgögn
-20-50%

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ



Umsóknir náðu hámarki árið 2016.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hælisumsóknnum fækkað mikið á fimm árum

kristinnhaukur@frettabladid.is

ÚTLENDINGAMÁL Hælisumsóknir voru 640 árið 2020 sem er fækkun um 205 frá árinu áður. Umsóknir eru nú aðeins rúmlega helmingur af því sem þær voru árið 2016 þegar þær náðu hápunkti.

Þessi þróun er í samræmi við þróunina í Evrópusambandinu, en þó ekki jafn skörp. Samkvæmt Eurostat, tölfræðistofnun ESB, voru umsóknir tæplega 472 þúsund árið 2020 samanborið við tæplega 1,2 milljónir árin 2015 og 2016. Líkt og í ríkjum ESB risu hælisumsóknir hér hratt fram að þessum tíma. Úr 125 árið 2013 í 1.125 árið 2016. Þeim fækkaði árið 2018 í 775 en fjölgaði lítillega árið 2019.

Af umsóknunum á síðasta ári voru 160 gerðar fyrir hönd barna. Aðeins tíu umsækjendur voru 65 ára eða eldri. Rúmlega tvöfalt fleiri karlar sóttu um hæli en konur, eða 435 á móti 205. ■

Forstjóri biðlar til fólks í sumarleyfi

benediktboas@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Forstjóri Landspítalans, Páll Matthíasson, hefur biðlað til starfsfólks í sumarorlofi að huga þegar í stað að því að stytta orlof, ef nokkur kostur er. Fjórða bylgja Covid stendur nú sem hæst og starfar spítalinn á hættustigi og er mönnun mjög víða tæp, segir í tilkynningu frá spítalanum.

Mikið álag er á bráðamóttöku spítalans í Fossvogi. Fólki sem leitar á bráðamóttöku vegna vægari slysa eða veikinda má því gera ráð fyrir langri bið eftir þjónustu en forgangsraðað er eftir bráðleika.

Fólki í eftirliti á Covid-göngudeild hefur fjölgað sem og inniliggjandi sjúklingum. Á sama tíma er fjöldi starfsfólks í einangrun og sóttkví, sem auðveldar ekki mönnun. ■

Mál þratar fyrir Hæstarétt að kröfu saksóknara

adalheidur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur samþykkt málskotsbeiðni ríkissaksóknara í máli þratar Emilssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra ADHD-samtakanna, sem dæmdur var í tíu mánaða skilorðsbundið fangelsi í Landsrétti fyrr á þessu ári.

Þratar var sakfelldur fyrir að hafa dregið sér rúmar sjö milljónir króna úr sjóðum félagsins og fyrir umboðs-

svik með því að hafa notað kreditkort samtakanna í eigin þágu fyrir rúmar tvær milljónir. Hann var hins vegar sýknaður af ákæru um að hafa nýtt ávinning af brotunum og gerst með því sekur um peningabætti.

Í dómi Landsréttar var byggt á því að þegar brot gegn ákvæði um peningabætti félli saman við frumbrot, eins og fjárdrátt og umboðssvik, og ekkert lægi fyrir um viðbótarathafnir ákærða teldist frumbrotið



Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari fer með málið.

hafa tæmt sökina. Því mætti ekki refsá fyrir það sérstaklega.

Ákærvaldið vísaði til breytinga sem gerðar hafa verið á peningabættisákvæðinu sem gera þvætti á ávinningi eigin brota refsíæmt. Á þetta reyni nú í fyrsta sinn en dómur Landsréttar sé óskýr um hvernig og hvernig beita megi ákvæðunum saman. Hæstiréttur féllst á þessi rök og telur úrlausn um málið hafa verulega almenna þýðingu. ■

Fyrirtæki grípa til eigin ráðstafana

Atvinnurekendur eru þegar farnir að grípa til sóttvarnaaðgerða á vinnustöðum, umfram þær sem gerð er krafa um í reglugerð ráðherra. Þeir hafa áhyggjur af því að smit-rakningarteymið komist ekki yfir sitt verkefni og kalla eftir leiðbeiningum til fyrirtækja.

gar@frettabladid.is

COVID-19 „Þótt samkomutakmörkunin sé miklu rýmri en hún var í tíð fyrri bylgna faraldursins þá hafa aldrei greinst fleiri smit og hin augljósa afleiðing af því er sú að fjölmörg fyrirtæki eru búin að bakka í eldra fyrirkomulag í sóttvörnum,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.

Að sögn Ólafs hafa fyrirtæki þegar gripið til varúðarráðstafana umfram það sem felst í sóttvarnareglum stjórnvalda. Það hafi valdið vonbrigðum að „hið eðlilega ástand“ skyldi ekki vara lengur en það gerði.

„Þannig að menn eru til dæmis farnir að skipta vöruhúsum upp í sóttvarnahólf, skipta fólki á vaktir sem hafa engan samgang, raða niður hópum starfsmanna í mötuneyti og annað slíkt. Og svo er sprittað á milli. Allt er þetta í þeim tilgangi bæði að draga úr smiti en ekki síður til að draga úr hættu á því að það þurfi margir starfsmenn að fara í sóttkví ef það kemur upp smit í fyrirtækinu,“ útskýrir Ólafur.

Að sögn Ólafs er það spurning hvert hlutverk stjórnvalda verði í framhaldinu. „Það finnst mörgum að það mættu vera meiri upplýsingar og leiðbeiningar til fyrirtækjanna fyrst staðan er svona. Menn hafa til dæmis velt því upp hvort það sé eðlilegt að það gildi bara nákvæmlega sömu reglur um sóttkví bólusettra og óbólusettra,“ segir hann. Atvinnurekendur hafi



Flestir vinnustaðir landsins hafa þurft að laga starfsemi sína að faraldrinum með einum eða öðrum hætti. Í verslunum vernduðu sérstök skilrúm starfsfólk á afgreiðslukössum gegn smiti frá viðskiptavinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Menn hafa til dæmis velt því upp hvort það sé eðlilegt að það gildi bara nákvæmlega sömu reglur um sóttkví bólusettra og óbólusettra.



Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.

einnig áhyggjur af því að smit-rakningarteymið komist ekki yfir að hafa samband við alla.

„Við höfum haft svolitlar áhyggjur af því að það verði kannski til þess að það verði sendir fleiri en færri í sóttkví í öryggisskyni. Það skiptir máli núna þegar næstu skref verða tekin að finna taktískar leiðir sem duga til að halda faraldrinum niðri og jafnframt gera fyrirtækjunum kleift að starfa eins eðlilega og hægt er. Það þarf að hafa samtal og samráð til að auðvelda stjórnendum fyrirtækja að skipuleggja reksturinn hjá sér þannig að þeir lágmarki hættu á því að hann verði fyrir áhrifum af veikindum eða sóttkví starfsmanna.“

Fundað var um stöðuna í faraldrinum í velferðarnefnd þingsins í gær. Á fundinn komu Alma Möller

landlæknir, Kamilla Sigríður Jónsdóttir, staðgengill sóttvarnalæknis, Ingileif Jónsdóttir, prófessor í ónæmisfræði, Már Kristinsson, yfirlæknir smitsjúkdómadeildar Landspítala, og Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala.

Helga Vala Helgadóttir, formaður nefndarinnar, segir hljóðið í fundargestum hafa verið þungt. Veiran smit mun meira nú en áður. „Mér fannst við öll tala þannig að það væri ekki hægt að gera ekki neitt. Þá heitir það að lifa með veirunni. Þetta er spurning sem þarf að bera fram við stjórnvöld,“ segir hún. Svára þurfi því hvað ráðherrar eigi við þegar þeir tali um að lifa með veirunni. „Jú, við þurfum að lifa með veirunni en við þurfum að passa upp á að samfélagið geti starfað. Það er í raun og veru verkefnið okkar.“ ■

KYNNUM NÝJAN JEEP®

COMPASS

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

NÚ FÁANLEGUR Í TRAILHAWK ÚTFÆRSLU

- STÆRRI VÉL 240 HÖ
- 360° MYNDAVÉL
- LÁGT DRIF
- LEÐURSÆTI OG MÆLABORÐ
- SNERTILAUS OPNUN AFTURHLERA
- FJARLÆGÐARSTILLTUR HRÁDASTILLIR

VERÐ HLAÐINN AUKABÚNAÐI FRÁ

6.399.000 KR.*

*SVARTUR LIMITED. AÐRIR LITIR 6.562.000

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á JEEP.IS

5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 ÁRA ÁBYRGÐ A DRIFRAFHLOÐU

PLUG-IN HYBRID

Prada fæst í Smáralind, Kringlu, Garðabæ og Akureyri

LUNA ROSSA
CARBON



20% AFSLÁTTUR AF PRADA ILMUM
DAGANA 5. - 11. ÁGÚST

HAGKAUP
Snyrtivara



Auglýsing um skráningu og próf til viðurkenningar bókara

Með vísan til laga nr. 145/1994 um bókhald, er fyrirhugað að halda próf til viðurkenningar bókara 2021 sem hér segir:

- **Prófhloti I:** Reikningshald og upplýsingatækni mánudaginn 11. október 2021 – prófið hefst kl. 13 og stendur til kl. 16. Eindagi greiðslu prófgjalds er 1. október 2021.
- **Prófhloti II:** Skattskil mánudaginn 15. nóvember 2021 – prófið hefst kl. 13 og stendur til kl. 16. Eindagi greiðslu prófgjalds er 3. nóvember 2021.
- **Prófhloti III:** Raunhæft verkefni laugar daginn 11. desember 2021 – prófið hefst kl. 12 og stendur til kl. 17. Eindagi greiðslu prófgjalds er 1. desember 2021.

Skráningu í öll próf fer fram samtímis (allir prófhlotar) og lýkur þann 9. september 2021. Skiptir ekki máli hvort próftaki ætlar að taka eitt próf eða öll. Ekki er hægt að skrá sig í próf eftir að skráningarfresti lýkur. Próftakar bera sjálfir ábyrgð á því að skrá sig í próf. Öllum er frjálst að skrá sig í próf. Þeir sem skrá sig í próf haustið 2021 eða síðar verða að hafa lokið prófum í öllum prófhlotum haustið 2023 og í upptökuþrófum eigi síðar en í janúar/febrúar 2024.

Um efnissvið prófanna vísast til 3. gr. reglugerðar nr. 649/2019 um próf til viðurkenningar bókara og til próf-efnislýsingar prófnefndar viðurkenndra bókara. Prófin eru rafræn og eru öll gögn leyfileg. Prófnefnislýsinguna má nálgast á vefsvæði prófnefndar viðurkenndra bókara á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/vidskipti/bokhald/vidurkenndir-bokarar/>

Einkunnir í einstökum prófum eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0-10. Lágmarkseinkunn til að standast einstaka prófhlotu er 5,0. Til þess að standast fullnaðarpróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,00 í vegna meðaleinkunn (lokaeinkunn) úr öllum prófhlotum.

Próftökugjald fyrir hvert próf er kr. 42.500. Eigi er skylt að standa fyrir prófi nema a.m.k. 30 þátttakendur hafi skráð sig í próf. Ef próftökugjald er ekki greitt á eindaga þá fellur niður próftökuréttur.

Við skráningu skal staðfest að fullnægt sé skilyrðum um að próftaki sé lögráða og hafi forræði á búi sínu (að búið hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta).

Væntanlegir próftakar skulu skrá sig til prófs á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins www.anr.is eða á heimasíðu framkvæmdaraðila prófanna www.promennt.is

Reykjavík, 1. júlí 2021
Prófnefnd viðurkenndra bókara

Stjornarráð Íslands
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Ný laug fyrir Litlu-Grá og Litlu-Hvít

urduryrr@frettabladid.is

DÝRAVELFERÐ Verið er að byggja nýtt búsvæði fyrir mjaldrana Litlu-Grá og Litlu-Hvít í Klettsvík við Heimaey. Systurnar hafa verið í sjávarlaug við ströndina undanfarna mánuði. Aðeins var búist við því að þær myndu verja nokkrum mánuðum í lauginni og þær áttu að fara aftur í Klettsvíkina í byrjun árs 2021.

Þegar mjaldrasysturnar komu til landsins, 8. ágúst 2020, bjuggu þær fyrst um sinn í sjávarlauginni svo hægt væri að fylgjast með þeim og veita þeim þá aðstoð sem þær þurftu. Seinna voru þær fluttar í Klettsvík þar sem búið var að útbúa aflokað náttúrulegt svæði fyrir þær.



Litlu-Hvít og Litlu-Grá búa í sjávarlaug við ströndina. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Þær höfðu búið í víkinni í fjóra mánuði þegar þær voru fluttar í sjávarlauginna aftur til að verjast kuldanum yfir vetrarmánuðina. Dvöl þeirra í lauginni hefur lengst vegna þess að illa gekk að fá nauð-

synlegar viðbætur á innviði í víkinni.

Erfiðleikana má rekja til kórónaveirufaraldursins, samkvæmt upplýsingum á heimasíðu athvarfsins. Búist er við því að hægt verði að ráðast í viðbæturnar og flytja mjaldrana aftur í víkina vorið 2022, þegar að veðrið býður upp á það.

Þangað til er áætlað að systrunum verði komið fyrir á millistigsbúsvæði sem verður byggt í víkinni. Búsvæðið verður hringlaga laug, um 160 metrar að ummáli, sem nær niður á sjávarbotn.

Í lauginni verður auðvelt fyrir starfsfólk að fylgjast með heilsu mjaldrasysturanna og á sama tíma fá þær meira frelsi og aðgang að náttúrunni. ■



Fjöldatakmörkanir og tímabundnar lokanir í hálfri ári hafa haft alvarleg áhrif á rekstur Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stjórnendur listhúsa vilja afnám nándartakmarkana

Menningarsamkomum, bæjarhátíðum, íþróttaviðburðum og listsýningum af öllu tagi hefur verið aflýst að undanförunu, annað sumarið í röð, vegna fjórðu bylgju kórónaveirusmita. Stjórnendur leikhúsa og tónlistarhúsa eru orðnir langeygir eftir edlilegu lífi með óskertri starfsemi í menningarlífinu.

ser@frettabladid.is

COVID-19 „Við viljum að leikhúsin verði opnuð upp á gátt og það er okkar tilfinning að allur almenningur vilji það líka,“ segir Magnús Geir Þórðarson þjóðleikhússtjóri en hann bendir á að mikill munur sé á því að leyfa fólki að njóta lista í númeruðum sætum í 500 manna vel loftræstum menningarhúsum en í mannþrönginni á fjölmönnum útihátíðum.

„Leikhúsin hafa axlað sína ábyrgð af festu og farið í einu og öllu að ráðum sóttvarnaryfirvalda sem hefur bitnað harkalega á rekstri þeirra og listrænu starfi, en nú þegar allur þorri þjóðarinnar hefur verið bólusettur er tímabært að breyta um kúrs,“ segir Magnús Geir.

Hann minnir á, máli sínu til stuðnings, að nágrannalöndin hafi heimilað leikhústarfsemi á síðustu vikum, á Englandi séu húsin galopin, sömuleiðis í Finnlandi og Danmörku. Í Svíþjóð og Noregi séu smávegis takmarkanir, líkt og á Spáni



Magnús Geir Þórðarson, þjóðleikhússtjóri.

þar sem megi nýta 75 prósent sæta og í Frakklandi sé allt opið en gestir skuli nota grímur. „Því ættu allt aðrar og harðari reglur að gilda á Íslandi?“ spyr Magnús Geir.

Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri tónleika- og ráðstefnuhússins Hörpu, tekur í sama streng og Magnús Geir en fjöldatakmörkanir í húsinu og tímabundnar lokanir í hálfri ári hafa haft alvarleg áhrif á rekstur þess.

„Ég kalla eftir afnámi nándartakmarkana, bæði tveggja metra reglan og eins metra reglan hefur sett okkur stólinn fyrir dyrnar í hálfri ári – og vel að merkja, við höfum fylgt henni af ábyrgð á meðan þjóðin var óbólusett, en núna hljótum við að hugsa dæmið upp á nýtt eftir að stærstur hluti þjóðarinnar er fullbólusettur,“ segir Svanhildur.

„Það má vel halda grímuskyldunni áfram og skrá gesti í númeruð sæti, en það er kominn tími til að þetta ráðirnar og nýta fleiri gesti, til dæmis með því að gestir framvísi vottorði um neikvætt hraðpróf.“ Hún bendir á að 350

viðburðir séu bókaðir í Hörpu frá ágúst fram til ársloka, þar á meðal margir uppseldir atburðir í Eldborg sem sumum hefur verið aflýst í fjórang. „Við verðum að læra að lifa með veirunni og sýna jafnt ábyrgð og sveigjanleika.“


Ekki er tekið jafn djúpt í árinna hjá Listasafni Reykjavíkur. „Það er ekki endilega svo að við hröpum á breytingar og afléttingar hamla í sýningarsölum okkar, enda hefur okkur tekist ágætlega upp að stýra straumi gestanna innan okkur veggja,“ segir Ólöf Kristín Sigurðardóttir, forstöðumaður Listasafnsins, sem rekur sýningarsalina í Hafnarhúsinu í miðborg Reykjavíkur, á Kjarvalsstöðum á Klambatúni og í Ásmundarsafni í Sigtúni.

„Við megum vera með 75 prósent af leyfilegum hámarksfjölda gesta í húsunum okkar og það hefur dugað okkur ágætlega, enda hefur aðsókn útlendinga að söfnunum dregist svo til algerlega saman frá því snemma á síðasta ári,“ segir Ólöf Kristín enn fremur.

„En auðvitað hefur sá samdráttur haft mjög alvarleg áhrif á rekstur okkar,“ heldur hún áfram og bendir á að árið 2019 hafi 80 prósent gesta Hafnarhússins verið útlendingar, um 70 prósent þeirra sem sóttu Ásmundarsafn og 50 prósent þeirra sem skoðuðu sig um á Kjarvalsstöðum. „En á móti kemur að íslenskum gestum safnanna hefur fjölgað mjög á þessum tíma – og það er gleðilegt.“ ■

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

BÓNUS KORPUTORGI LOKAR



30% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM

Í BÓNUS KORPUTORGI

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

OPIÐ Í DAG FIMMTUDAG

FRÁ KL. 10:00

BÓNUS

**EKKERT
BRUÐL**



Horft yfir vogskorna strönd Rauðanes sem skartar klettadröngum, stöpum og víkum. Fyrir miðri mynd er berggangurinn Gatastakkur sem helst minnir á risahandfang.

MYNDIR/ÓMB

Sjósorfnir skúlptúrar



Tómas Guðbjartsson
hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi.



Ólafur Már Björnsson
augnlæknir og ljósmyndari.

Við Þistilfjörð er Rauðanes, náttúruperla sem við fyrstu sýn lætur ekki mikið yfir sér en reynist við nánari skoðun luma á fallegum klettum skreyttum stuðlabergsmyndunum við vogskorna strönd. Það er auðvelt að komast að Rauðanesi sem liggur 30 km vestan við Þórshöfn og álíka langt austur af Raufarhöfn. Skammt frá Þjóðveginum er bílastæði og þar er tilvalið að hefja 7 km langa göngu þar sem gengin er hringlaga gönguleið rangsælis. Þetta er þægileg ganga á jafnsléttu sem hentar bæði ungum sem öldnum.

Á Rauðanesi er afar fjölbreytt fuglalíf og upp af klettunum er gróskumikill gróður. Sjósorfnar bergmyndanir stela athyglinni en þessir náttúrulegu skúlptúrar eru oftast ekki skreyttir snotru stuðlabergi og birtast sem stapar, gatklettar, básar og víkur. Við klettana er mikið fuglalíf og oft sést til lunda en nafnið á einum klettanna er einmitt Lundastapi. Í seinni tíð ber þó meira á fýl og svartbak og innar á grónu nesinu smærri fuglum.



Á Rauðanesi er afar fjölbreytt fuglalíf og upp af klettunum er gróskumikill gróður.

Í göngunni um Rauðanes er komið við á Háabjargi sem ris allt að 60 m upp af ströndinni. Efst er einstakt útsýni yfir innanverðan Þistilfjörð og nágrenni en í góðu skyggni sést alla leið út á Langanes. Þarna eru tígulegir klettadrangar með falleg nöfn eins og Brík og Stakkar en sérkennilegasti skúlptúrin ber nafnið Gatastakkur. Um er að ræða gamlan berggang sem úr fjarlægð líkist risastóru handfangi með fallegu stuðlabergi. Skemmtilegasta nafnið ber þó Gluggur sem var áður hellir en innri hluti þaksins hefur hrunið og eftir stendur myndarlegur steinbogi. Annars staðar á Rauðanesi eru heillegri hellar eins og í Stakkabásunum en þar er hellisskúti þar sem nafnið Hannes hefur verið rist í bergið. Segir sagan að þangað hafi fyrir aldamótin 1900 leitað tveir sjómenn í sjávarháská og ritaði annar þeirra nafn sitt með vasahníf í hellisvegginn ásamt upphafsstöfum félaga síns.

Á leiðinni heim er gengið eftir vegi sem liggur að bænum Velli en þar er ekki búið lengur. Að lokinni göngu um Rauðanes er tilvalið að skella sér í sund á Þórshöfn eða heimsækja Raufarhöfn og Kópasker á Melrakkasléttu. ■



Gluggur er steinbogi sem gaman er að ganga yfir, en er þó ekki fyrir lofthædda.



Á Rauðanesi er gaman að fylgjast með sjófuglum í návigi sem halda til í klettunum.

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

Í VERSLUNUM NETTÓ!

TILBOÐ GILDA 5. – 8. ÁGÚST

VIP LAMBAHRYGGUR

HÁLFUR - RIFJAMEGIN

20%
AFSLÁTTUR

2.639 KR/KG

ÁÐUR: 3.299 KR/KG

KJÖTBORÐ



25%
AFSLÁTTUR

Korean Corn dog
Deighjúpaðar Pylsur
Kjötsel

1.199 KR/PK

ÁÐUR: 1.599 KR/PK



Mangó

279 KR/KG
ÁÐUR: 578 KR/KG

50%
AFSLÁTTUR



30%
AFSLÁTTUR

Kjúklingabringur
Grilltvenna
Kjötsel

1.866 KR/KG

ÁÐUR: 2.665 KR/KG



Heilsuvara
vikunnar!

Bio-Kult
Candea
60 töflur

2.212 KR/PK

ÁÐUR: 2.949 KR/PK

25%
AFSLÁTTUR



25%
AFSLÁTTUR

Stóri Tarfur
Ribeye-borgari
2x150 gr

599 KR/PK

ÁÐUR: 799 KR/PK

KJÖTBORÐ

NORÐLENSKA



**GOTT
VERÐ!**

Lamba prime
Stjörnuanis og engifer

3.899 KR/KG

ÁÐUR: 4.698 KR/KG

25%
AFSLÁTTUR

Nauta grillpylsur
260 g - 200 g

524 KR/PK

ÁÐUR: 699 KR/PK



TILBOÐ Í SAMKAUPA-APPINU

Goða Pítubuff
6x60g með brauði

1.050 KR/PK

ÁÐUR: 2.099 KR/PK



APPSLÁTTUR
50%
INNEIGN Í
APPINU!

samkaup

nettó

Lægra verð - léttari innkaup



FÁÐU BETRA VERÐ MED SAMKAUP Í SÍMANUM

Náðu í appið og safnaðu inneign.

Þú getur notað Samkaupa-appið
í öllum Nettó verslunum.



Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Atkvæðin



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Kjörsókn í alþingiskosningum hér á landi er yfirleitt með ágætum. Fólk mætir á kjörstað vegna þess að það hefur trú á lýðræðinu og finnst atkvæði sitt skipta máli. Kjósandinn hefur heldur enga ástæðu til að ætla annað en að rétt og heiðarlega sé að kosningum staðið. Af hyggjuviti sínu þykir honum vist að flokkar fái þingmenn í samræmi við fylgi sitt. Enda væri annað mjög einkennilegt og í litlu samræmi við lýðræðið.

Stöku sinnum er lífið samt einkennilegt og það sem venjulega er talið sjálfsagt og eðlilegt er látið víkja. Það á við hér á landi þegar kemur að fylgi í kosningum og þingmannafjölda. Hinn skemmtilegi og geðþekki Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, vakti athygli á því á dögnum að núverandi kosningakerfi tryggir ekki samræmi milli atkvæðamagns og þingsæta.

Þingflokksformaður Samfylkingarinnar, Oddný Harðardóttir, benti síðan á það að í síðustu kosningum hefði Samfylkingin fengið meira fylgi en Framsóknarflokkurinn en samt fengið færri þingmenn. Meira að segja hörðustu andstæðingar Samfylkingarinnar hljóta að viðurkenna óréttlætið sem í þessu felst. Eftir næstu kosningar mun einhver flokkurinn vera í svipuðum sporum og Samfylkingin á sínum tíma. Annar flokkur, í sömu sporum og Framsóknarflokkurinn var, mun síðan græða óverðskuldað og styrkja stöðu sína.

Vegna þessa ósamræmis getur stjórnmálaflokkur sem sagt staðið með pálmann í höndunum af því hann fékk í kosningum fleiri þingmenn en hann átti skilið miðað við fylgi flokksins á landsvísu. Þetta gæti meira að segja skilað flokknum í ríkisstjórn.

Viðbrögð fjölmargra kjósenda hljóta að vera að þarna sé á ferðinni þvilíkt svindl og svínari að ekki verði við unað. Þarna er greinilega þörf á leiðréttingu. Væri allt með felldu hefði hún reyndar þegar átt sér stað.

Stjórnmálamenn virðast æði oft þurfa lengri tíma en almúginn til að átta sig á hlutum og bregðast við. Stundum er eins og þeir starfi á hraða snigilsins. Breytingar á kosningakerfinu voru ræddar á þingi í vor, en formaður þingflokks Vinstri grænna, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, lét nýlega hafa eftir sér að meiri umræðu hefði verið þörf áður en breytingar væru gerðar á kosningalögum um atkvæðavægi.

Mikið óskaplega virðist vera erfitt fyrir þingmenn að bregðast skjótt við þegar þörf er á. Ef kosningakerfi tryggir ekki samræmi milli atkvæða og þingsæta þarf að leiðrétta það snarlega. Um það á ekki að þurfa maraþonumræður. Segja má ansi margt og koma fjölmörgu til skila í stuttu og hnitmiðuðu máli. Ef þingmenn áttuð sig á þessum sannindum myndu þeir koma svo miklu fleiru í verk en þeir gera.

Nú má vel vera að einstaka stjórnmálaflokkar sjái sér beinlínis hag í því að viðhalda þessu óréttláta kerfi því í kosningum geti það úthlutað þeim meira en réttlátt er miðað við atkvæðamagn. Meðan svo er standa þessir sömu flokkar staðfastlega vörð um ólýðræðislegt kosningakerfi. Spillt hugarfar, myndi einhver segja.

Það hlýtur að vera kominn tími til að rísa upp gegn þessu óréttlæti. ■

”
Viðbrögð fjölmargra kjósenda hljóta að vera að þarna sé á ferðinni þvilíkt svindl og svínari að ekki verði við unað.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

Aktivistar Gunnars

Aktivistarnir hópast nú að Gunnari Smára Egilssyni og Sósíalístaflakki Íslands. Nýjasta rósinn í hnappagatið er engin önnur en Birgitta Jónsdóttir, fyrrverandi Pirati. Hún var ekki fyrr komin um borð en kveða tók við kunnuglegan tón um loford um launaafslátt þingmanna og afnám hvers kyns tildurs fyrir ráðamenn þjóðarinnar. Ódýrari verða lofordin varla en munu eflaust hrifa á marga þótt ekki sé á færi þingheims að ákveða launin sín. Það er hins vegar umhugsunarefni hve áfram flokkar öreiga og jafnaðarmanna eru almennt um launalækkunar.

Pollýönnur

Þeim fer snarfækkandi Pollýönnunum sem klifað hafa á mikilvægi umburðarlyndis og jafnaðargeðs gegnum faraldurinn. Þær áttu sína hátindi fyrst um páskana í fyrra þegar þjóðin ferðaðist innanhúss að beiðni Víðis og svo innanlands fyrrasumar þegar þjóðin ferðaðist innanhúss að beiðni ferðamálaráðherra sem bauð landsmönnum í frí. Nú hafa þær þagnað. Þrátt fyrir stöðuga rigningu í Reykjavík heyrst ekki einu sinni múkk í Helga Björns sem hefur þó verið í fararbroddi í Pollýönnuflokknum. Er honum hætt að þykja rigningin góð? ■

Óboðleg aðferð



Jón Kaldal

félagi í Íslenska náttúruverndar-sjóðnum.

Sjókviöldi á laxi er óboðleg aðferð við matvælaframleiðslu. Þetta er iðnaður sem beinlínis gerir ráð fyrir því í rekstraráætlunum sínum að um 20 prósent eldisdýranna drepist í sjókvíunum vegna þess að þau þola ekki aðbúnaðinn þar.

Matvælastofnun hefur birt á vef sínum tölur yfir „afföll“ í sjókviöldi fyrstu sex mánuði ársins. Það er að segja hversu margir eldislaxar drápuð í netapokum við Ísland. Tölurnar eru ógnvænlegar. Frá janúar til júní drápuð rúmlega 1,3 milljónir eldislaxa. Það eru 17 sinnum fleiri laxar en samanlagður fjöldi villta íslenska laxastofnsins. Og árið er aðeins hálfnað. Þessi skelfilegi dauði er þó ekki allt og sumt sem plagar þennan iðnað því um helmingur eldislaxanna í sjókvíunum er ýmist vanskapaður, nær ekki fullum þroska vegna streitu eða er heyrnarlaus. Dýravelferðarvandi sjókviöldis-iðnaðarins er af sliikum skala að ræktendur spendýra kæmust aldrei upp með álíka starfshætti.

Sjókviöldi á laxi hefur líka í för með sér hörmungar og dauða utan netapokanna. Sníkjudýr og sjúkdómar streyma óhindrað í gegnum netmóskvana með ömurlegum afleiðingum. Botndýralíf þurrkast út undir kvíunum því þar safnast þykkt lag af úrgangi og rotnandi föðri. Í þessu setlagi safnast svo upp leifar af lyfjum og eitri sem er notað við framleiðsluna og í sumum tilfellum líka kopar sem fyrirtækin nota til að húða netmóskvana með sem ásetuvörn gagnvart gróðri og skeldýrum.

Kopar eyðist ekki af sjálfu sér í náttúrunni heldur hleðst upp í umhverfinu með miklum skaða fyrir lífríkið. Hér við land hafa bæði Arnarlax og Arctic Sea Farm orðið uppvis að því að nota koparhúðuð net í sjókvíum þrátt fyrir að það sé brot á starfsleyfi þeirra.

Erfðablöndun við sleppifisk úr eldi er svo sérlega hættuleg villtum laxi sem hefur aðlagast umhverfi sínu og aðstæðum með mörg þúsund ára náttúruvali. DNA úr eldisdýri getur kollvarpað þeirri þróunarsögu og þar með getu villta laxins til að lifa af í heimi sem er þegar orðinn honum fjandsamlegur vegna loftslagsbreytinga.

Með því að sniðganga eldislax úr sjókvíum geta neytendur þrýst á framleiðendur að bæta ráð sitt. Segjum nei við sjókviöldi. ■

**NÝBAKAÐ
BRAUÐ
ALLA DAGA**

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35

| | |
|--------------------|--------------|
| mánudaga-föstudaga | 7.30 - 17.30 |
| laugardaga | 8.00 - 16.00 |
| sunnudaga | 9.00 - 16.00 |

www.bjornsbakari.is

Mögulegar málamiðlanir

Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson.

Stundum er sagt að pólitik sé list hins mögulega.

Hversu langt geta menn við stjórnarmyndanir vikið frá því sem þeir sögðu kjósendum án þess að missa trúnað þeirra? Listin er að finna þau mörk.

Athyglisverð skoðanakönnun

Í síðasta mánuði var birt skoðanakönnun, sem sýndi að 88 prósent stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins vilja að núverandi ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur sitji áfram eftir kosningar. Aftur á móti eru aðeins 29 prósent stuðningsmanna VG á þeirri skoðun.

Spurningin er: Takmarka þessar vísbendingar eða rýmka möguleika til málamiðlana eftir kosningar?

Niðurstöðurnar einar og sér benda til þess að kjósendur VG telji að nóg sé komið af samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn. En þegar litið er til fleiri þátta gætu þær alveg eins styrkt samningsstöðu VG gagnvart núverandi samstarfsflokkum.

Raunsætt mat

Könnunin virðist sýna mjög raunsætt mat stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa talað mjög skýrt í þá veru að þeir muni ekki undir neinum kringumstæðum fallast á málamiðlanir gagnvart Viðreisn að því er varðar gjaldmiðilmál, tímabundinn nýtingarrétt auðlinda í þjóðareign og ný skref í Evrópusamvinnu.

Píratar og Samfylking hafa síðan alfarið hafnað samstarfi við Miðflokk og Sjálfstæðisflokk vegna málefnalegar fjarlægðar.

Þetta þýðir að Sjálfstæðisflokkurinn á engan raunhæfan kost á setu í ríkisstjórn nema VG eigi þar hlut að máli og fari með forystu. Eftir síðustu kosningar var það frjálst val, en nú er það þvinguð staða.

Sérstök staða

Fyrir vikið er Katrín Jakobsdóttir í þeirri merkilegu aðstöðu að geta þrýst Sjálfstæðismönnum til málefnalegar eftirgjafar, hugsanlega um aukin útgjöld. Það styrkir hana að geta bent þeim á að kjósendur VG kalli eftir því að hún snúi sér annað.

Sjálfstæðisflokkurinn verður þá að meta hvort rétt sé að fórna málefnum eða fórna ríkisstjórnarsetu. Stærsti hluti fylgjenda hans virðist kjósa förnir gangvart VG.

Að sumu leyti yrði erfiðara fyrir Katrínu Jakobsdóttur að semja frá miðju til vinstri. Væntanlega mun hún kjósa að hafa Framsókn með á hvort borðið sem hún vill róa. Það er málefnalega vandræðalaust.

Reykjavíkurmynstrið sýnist ekki ganga upp á Alþingi. Málið vandast nefnilega þegar kemur að Pírötum.

Eftir að Andrés Jónsson gerðist þingmaður þeirra geta þeir tæpast átt aðild að ríkisstjórn, sem tekur pólitíska og stjórnskipulega ábyrgð á aðild að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningnum. VG þekkir vel að það er forsenda fyrir setu við ríkisstjórnarborðið.

Erfitt að kúvenda aftur

Samfylking og Viðreisn eru með sams konar markmið í nokkrum veigamiklum málum. Þar má nefna tímabundna nýtingu náttúruauðlinda í þjóðareign, gjaldmiðilmál og Evrópumál. Allt veigamikil mál sem snúa bæði að réttlæti, samkeppnisstöðu þjóðarbúsins og verðmætasköpun.

Áður en VG gekk til samstarfs við Sjálfstæðisflokkinn studdi VG tímabundinn nýtingarrétt. Í Evrópumálum lagði Katrín Jakobsdóttir til að þjóðin sjálf fengi að taka ákvörðun í þjóðaratkvæði. Að þessu leyti ætti samstarf þessara flokka að vera mögulegt.

En vandinn er að í núverandi samstarfi gekk forsætisráðherra



Forsætisráðherra gat tekið stjórnarskrárfrumvarp sitt út úr þingnefnd með stuðningi stjórnarandstöðunnar í vor. Hún kaus hins vegar að ganga ekki gegn Sjálfstæðisflokknum.

fram fyrir skjöldu í andstöðu við allar breytingar af þessu tagi. Sjálfstæðisflokkurinn réði ferðinni en gat haldið sig til hlés meðan forsætisráðherra sá um vörnina.

Í þessu ljósi gæti kúvending til fyrri stefnu orðið erfið fyrir forsætisráðherra þó að skoðanakönnunin sé vísbending um að kjósendur VG teldu sig ekki hlunnfarna ef sú yrði raunin.

Miðjan eða jaðrarnir

Veruleikinn er sá að VG er í þeirri einstöku stöðu að geta notað niðurstöðu í skoðanakönnun eins og þessari sem málefnalega fötfestu til að fara í hvora áttina sem er.

Forsætisráðherra gat tekið stjórnarskrárfrumvarp sitt út úr þingnefnd með stuðningi stjórnarandstöðunnar í vor. Hún kaus hins vegar að ganga ekki gegn Sjálfstæðisflokknum.

Með því að fórna stjórnarskrármálinu hélt hún báðum stjórnarmyndunarmöguleikunum opnum. Katrín Jakobsdóttir virðist því vera reiðubúin til að láta reyna á þá fordæmalausu samningsstöðu að hafa Sjálfstæðisflokkinn í blindgötu eftir kosningar.

Flokkarnir sem liggja næst miðjunni, Framsókn, Samfylking og Viðreisn, eru ólíkir um margt. En það sem helst gæti brotið þessa lykilstöðu VG upp er að miðjan styrkist á kostnað jaðrana. ■

Netapótek Lyfjavers

Frí heimsending um land allt!*



Afhendum samdægurs

á höfuðborgarsvæðinu
mán-lau ef pantað
er fyrir kl. 13:00.


Í Netapóteki Lyfjavers getur þú fundið þína lyfseðla, valið samheitalyf og séð lyfjaverðið þitt.

Nýttu þér lágt lyfja- og vöruverð á lyfjaver.is

*Frí heimsending ef pantaðir eru tveir lyfseðlar eða verslað er fyrir meira en 9.900 krónur.

LYFJAVÉR

lyfjaver.is
Suðurlandsbraut 22





Hljóðritasjóður

Umsóknarfrestur er til **15. september**

Auglýst er eftir styrkumsóknum í Hljóðritasjóð. Veittir eru styrkir til að taka upp nýja, frumsamda íslenska tónlist.

Styrkir eru veittir til ákveðinna verkefna að hámarki til eins árs.

Umsóknarfrestur er til 15. september kl. 15 – athugið breyttan umsóknartíma.

Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári í mars og september.

Framhaldsstyrkir eru ekki veittir til verkefna sem áður hafa hlotið styrk úr sjóðnum. Útgáfa má ekki hafa átt sér stað áður en umsókn um styrk berst Hljóðritasjóði.

Umsóknargögn eru á rannis.is.

Umsóknum og lokaskýrslum skal skilað rafrænt.

Rannís, Borgartúni 30, sími 515 5838, hljodritasjodur@rannis.is.

Hlutverk hljóðritasjóðs er að efla íslenska hljóðritagerð í tónlist til útgáfu.



HNÓTSKÖUR getiskenndur



Jack Grealish og Kevin de Bruyne voru áður mótherjar en verða samherjar á næstu leiktíð. Tveir skemmtilegustu leikmenn enska boltans sem hefst innan skamms – allt í þræðbeinni útsendingu í Sjónvarpi Símans. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Upprisa listamannsins

Jack Grealish mun kosta Manchester City 100 milljónir punda en breskir fjölmiðlar sögðu í gær að hann væri á leiðinni í læknisskoðun og ætti aðeins eftir að skrifa nafn sitt á samninginn. Tómas Þór Þórðarson, ritstjóri Enska boltans á Símanum Sport, segir að þetta sé upphefð fyrir lúxusleikmanninn sem hafi aðeins gleymst í taktík og hlaupum nútímaboltans.

benediktboas@frettabladid.is

FÓTBOLTI „Ég vil meina að þetta sé upphefð fyrir listgreinina sem fótbolti getur verið því Jack Grealish með fótbolta við tærnar er ekkert síðra áhorfs en að röltu um listasafn. Það er unun að horfa á hann spila fótbolta,“ segir Tómas Þór Þórðarson, ritstjóri Enska boltans á Símanum Sport.

Í gær bárust fréttir af því að Jack Grealish væri að ganga til liðs við Manchester City frá Aston Villa fyrir 100 milljónir punda. Talað er um í breskum fjölmiðlum að City greiði Villa 75 milljónir punda og 25 milljónir í ýmsa bónusa.

Hann var sagður á leið í læknisskoðun og ætti aðeins eftir að skrifa nafn sitt á samninginn. Grealish bætist þannig í fámennan hóp knattspyrnumanna sem hafa kostað um og yfir 100 milljónir punda. Þá er þetta það langmesta sem enskt félag hefur greitt fyrir leikmann og verður Grealish einnig langdýrasti Bretinn. Gareth Bale var áður sá dýrasti þegar hann fór frá Tottenham til Real Madrid.

Peningarnir sem City greiðir fyrir Grealish eru ofboðslegir, hátt í 18 milljarðar, og bendir Tómas á að hann hafi aldrei spilað Evrópuleik, sé nýkominn aftur í efstu deild á Englandi, hafi verið töluvert meiddur á síðustu leiktíð og þá hafi honum ekki verið treyst til að vera í byrjunarliði enska landsliðsins í sumar. Grealish skoraði þó sex mörk og gaf 12 stoðsendingar.

„Það er fullt af hlutum sem hljómar eins og hann sé ekki 100 milljóna punda leikmaður en trúlega er hann það samt. Auðvitað er þessi verðmiði galinn en það erfiðasta í

Veislan byrjar með sjálfum Glenn Hoddle

Síminn Sport verður með alla leiki í beinni útsendingu í vetur frá enska boltanum. Tómas segir að það sé mikil spennan í kortunum hjá Símanum en deildin hefist 13. ágúst. „Ef allt gengur upp fyrir fyrsta leik verða Eiður Smári og Logi Bergmann úti með Glenn Hoddle á stórslag Tottenham – Manchester City. Það er auðvitað Covid en við vonum það besta. Á laugardeginum er Manchester United gegn Leeds og þar verður Peter Schmeichel með okkur í gegnum fjarfundarbúnað. Covid gaf okkur fjarfundarbúnaðinn og við munum nýta okkur hann áfram. Við fáum svo



Glenn Hoddle, verður á hliðarlínunni með Símanum Sport í fyrsta leik þegar City mætir Tottenham.

aukagesti í vetur, allt að 38 gesti í miðri viku. Fyrstu gestir verða Glen Johnson og Lee Dixon,“ segir Tómas spenntur fyrir komandi leiktíð.



Jack Grealish með fótbolta við tærnar er ekkert síðra áhorfs en að röltu um listasafn. Það er unun að horfa á hann spila fótbolta.



Tómas Þór Þórðarson, ritstjóri Enska boltans á Símanum Sport.

fótbolta er að skora mörk. Og það er erfitt að vera skemmtikraftur en hann er það svo sannarlega, með litlu sokkana sína og að búa eitthvað til. Ef hann leggur allt sitt traust á Pep Guardiola og bætir ofan á sinn leik því sem hann kann fyrir þá verður þetta sýning næstu árin – hann er það góður í fótbolta.“

Tómas segir að þessi kaup séu ákveðin upphefð á ný fyrir lúxusleikmanninn. Fyrir alla þá sem vilja skemmta áhorfendum heima í stofu eða á vellinum.

96

Jack Grealish spilaði 96 leiki í ensku úrvalsdeildinni fyrir Aston Villa. Hann skoraði 15 mörk og gaf 19 stoðsendingar. Hann verður dýrasti leikmaður í sögu deildarinnar og tekur þann titil af Paul Pogba.

„Nú eiga leikmenn að hlaupa mikið og hratt og helst hratt og mikið. Listamenn eins og hann hafa aðeins gleymst og þetta er gífurlega spennandi.“

Tómas bendir á að það sé pressa að vera sá dýrasti. Verðmiðinn geti verið þungur baggi að bera ef illa gangi. „Um leið og það byrjar að ganga illa þá verður kaupverðið myllusteinn um hálsinn.“

Ef viðkomandi leikmaður stendur ekki undir væntingum þá er blessaða kaupverðið dregið inn í jöfnuna.

En ég hef engar áhyggjur af Grealish. Ég held að allir sem hafa komið til City og spilað undir stjórn Guardiola hafa orðið betri.“ ■



Bókasafnasjóður

Umsóknarfrestur er til **15. september**

Sjóðurinn styrkir skilgreindar rannsóknir og þróunar- og samstarfsverkefni á sviði bókasafns- og upplýsingamála. Sjóðnum er heimilt að styrkja önnur verkefni til að efla faglegt samstarf bókasafna innanlands og utan.

Fyrir hverja:

Öll bókasöfn sem falla undir bókasafnalög ein eða með öðrum bókasöfnum eða með öðrum aðilum sem hafa það að markmiði að efla bókasöfn í landinu.

Umsóknarfrestur er til 15. september kl. 15.00.

Umsóknargögn eru á rannis.is.

Umsóknum og lokaskýrslum skal skilað rafrænt.

Rannís, Borgartúni 30, sími 515 5838, bokasafnasjodur@rannis.is.



HNÓTSKÖUR getiskenndur

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

SPARIDAGAR

Í ORMSSON & HJÁ UMBOÐSMÖNNUM ORMSSON UM LAND ALLT!



20%

Innbyggð vél

Vrn. HT911 434 667

AEG uppbyggð vél, hljóðlát með Airdry tækni



25%

Vrn. HT944 188 354

AEG veggofn með kjöthitamæli, Steam Bake plus og sjálfvirku hitavali



15%

Vrn. HT916 097 952

AEG þurrkari 8 kg með rakaskynjara og kolalaus mótór



15%

Vrn. HT914 913 505

AEG þvottavél 8 kg & 1400sn, ProSense og Woolmark Blue tækni

AEG

15% - 25% afsláttur af þvottavélum, þurrkum, ofnum, uppbyggðum, kælikápum, örbylgjuofnum, helluborðum & ryksugum!



25%



25%



25%

AEG spanhellborð í ýmsum stærðum



15%

AEG ryksugur

Pottar & pönnur



Tefal



de BUYER



20%



brabantia

20% afsláttur af rusla- & flokkunarfötum



20%



BRAUN

rakvélar & hársnyrtitæki

20%



ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Lokað um helgar

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS



*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRDI
SÍMI 456 4751

KS
SAUDÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR BYGG
SIGLUFIRDI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI SÍMI
461 5000

PENNINN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
PAN-NESKAUPSSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

TÆKNIBORG
BORGARNESI
SÍMI 422 2211

OMNIS
AKRANESI SÍMI
433 0300



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Katrín Sigurðardóttir

Hagamel 50, Reykjavík,

lést þann 30. júlí.

Útförin verður auglýst síðar.

Blóm eru afþökkuð en þeim sem vilja minnst Katrínar er bent á Barnaspítalaskóla Hringinsins.

Helgi Magnússon **Arna Borg Einarssdóttir**
Sigurður Gylfi Magnússon **Tinna Laufey Ásgeirsdóttir**
Magnús Örn Helgason
Sunna María Helgadóttir
Arnar Þór Helgason
Pétur Bjarni Einarsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

Ingibjörg Sigurðardóttir

Hátúni 4, áður prófestsfrú á Kvennabrekku í Dölum,

lést á dvalarheimilinu Grund miðvikudaginn 28. júlí.

Útför hennar fer fram frá Kvennabrekukirkju í Dölum laugardaginn 7. ágúst klukkan 14.

Sigríður Eggertsdóttir **Sigurður R. Guðjónsson**
Vilborg Eggertsdóttir **Stefán Skjaldarson**
Margrét Eggertsdóttir **Brynja Davíðsdóttir**
Hildur Eggertsdóttir **Ketill Gíslason**
Ingibjörg Eggertsdóttir **Eggert Hörgdal Snorrason**
Hlökkver Eggertsson **Sesilía Myrna Alota**
Hulda Eggertsdóttir **barnabörn, barnabarnabörn, barnabarnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Reynir Bergmann Skaftason

vélamaður, Sóleyjaríma 5, Reykjavík,

lést á bráðamóttöku LSH í Fossvogi 19. júlí. Jarðarför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýju og kærleik. Guð blessi ykkur öll.

Jóhanna Cronin
Anna Bergmann Reynisdóttir **Stefán Pétursson**
Guðrún Bergmann Reynisdóttir
Karl Bergmann Reynisson **Kristbjörg Viðarsdóttir**
Reynir Bergmann Reynisson **Sólveig Yr Sigurjónsdóttir**
afabörn og langafabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,

Björn Jónasson

lést á Sólteig, Hrafnistu, fimmtudaginn 29. júlí.

Útför hans fer fram frá Lindakirkju þriðjudaginn 10. ágúst kl. 13.

Jónas Páll Björnsson **Soumia Islami Georgsdóttir**
Bryndís Björnisdóttir **Eiríkur Fannar Torfason**
Kristín Jónasdóttir
Gunnar Börkur Jónasson **Dóra Hansen**
Hermann Jónasson
Sofía Sóley, Elías Andri, Ómar Páll, Hekla og Flóki



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

Þorbjörg Jónatansdóttir,

Suðurlandsbraut 58, Reykjavík,

lést á Mörk, hjúkrunarheimili föstudaginn 23. júlí.

Útför hennar fer fram frá Langholtskirkju mánudaginn 9. ágúst klukkan 15.

Sigmar Þorsteinsson
Sigurborg Erna Mostrup **Otto Mostrup**
Margrét Sigmarsdóttir **Jóhannes Þórðarson**
Þorsteinn Sigmarsson **Lilja Rós Óskarsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn



Er heillaður af gömlum hefðum

Sigmundur Páll Freysteinnsson fatahönnuður heldur útgáfu- og uppskeruhátíð í dag í Hönnunarsafni Íslands á Garðatorgi. Hann kynnis nýtt bókverk um jurta- litun textíls og fagnar verunni á safninu síðan í maí.

ars gæti lognast út af. Því langar mig að skapa þessari arfleifð framtíð. Þar koma líka umhverfissjónarmið inn í. Náttúruleg litun er lausn við alls konar vandamálum sem nútímafólk hefur búið til með kemískum textillitum. Þegar horft er til baka sér maður hvernig unnið var með virðingu fyrir náttúrunni og í takti við hana áður fyrr, það er margt hægt að læra af því."

Nóg til af lúpínu og kerfil

